



*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. lög nr. 7/1998 um  
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

## **Starfsleyfisskilyrði fyrir sláturhús og kjötvinnslu**

### **1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1 Starfsleyfið gildir fyrir kjötvinnslu, sláturhús, niðursuðu og reykmeðferð á kjötvörum.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.4 Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
  - a) Afstöðumynd af stöðinni sem inniheldur m.a. frárennislagnir og hreinsivirki skal vera til staðar, ásamt breytingum sem gerðar eru á þeim. Skrá skal allar breytingar sem gerðar eru á byggingum og frárennislögnum og varða mengunarvarnabúnað.
  - b) Viðhald og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar.
  - c) Gerð kæli- og frystikerfa sem notuð eru í fyrirtækinu ásamt viðhaldi búnaðarins.
  - d) Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð.
  - e) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði, leka eða slys. Bregðast skal skjótt við ef mengunaróhöpp verða. Gera skal viðbragðsáætlanir þar sem við á.
  - f) Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast vegna rekstrar starfsstöðvarinnar. Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.

### **2. Varnir gegn mengun umhverfis**

- 2.1 Beita skal bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins.
- 2.2 Fyrirtækinu er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á lóð fyrirkælisins skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágretta.
- 2.3 Iðnaðarskólp skal forhreinsa áður en það berst í fráveitukerfi eða viðtaka í samráði við viðeigandi heilbrigðiseftirlit.
- 2.4 Takmarka skal loftmengun frá starfsemi eins og kostur er. Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki óþrifum utanhúss eða óþægindum í nærliggjandi starfsstöðvum vegna loftmengunar eða lyktar.
- 2.5 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk skal uppfylla viðmiðunarmörk fyrir hávaða í samræmi við reglugerð um hávaða.



- 2.6 Stefnt skal að lágmarkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skal flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annarsstaðar eða til förgunar og spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss, skulu vera lokuð og standast kröfur heilbrigðisfulltrúa. Spilliefnum skal komið til viðkenndrar spilliefnamóttöku.
- 2.7 Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau þrífist ekki eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að hreinsibúnaði og úrgangi.
- 2.8 Eftirlit, rekstur og viðhald kæli- og frystibúnaðar skal ávalt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun og haldin skal dagbók um allt sem viðkemur viðhaldi og rekstri kælimiðla. Fara skal eftir leiðbeiningum frá heilbrigðiseftirliti og Umhverfisstofnun um kælimiðla.
- 2.9 Ef mengunaróhapp verður, s.s leki hættulegra efna eða slys í meðhöndlun á hráefni eða úrgangsefnum, skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að stöðva útbreiðslu efnanna og hreinsa upp það sem þegar hefur lekið niður. Fylgja skal viðbragðsáætlun þar sem við á.
- 2.10 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra hættulegu efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt tiltækar á vinnustaðnum.
- 2.11 Verði rekstri hætt skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, ganga þannig frá athafnasvæðinu að hvorki mengunar- né slyshætta skapist.

### **3. Losunarmörk og sýnataka**

- 3.1. Þar sem frárennsli er veitt í fráveitukerfi sveitarfélags skal fylgja þeim losunarmörkum sem leyfisveitandi starfsleyfis setur fyrir fráveitukerfi.
- 3.2. Ef frárennsli rekstraraðila rennur beint í viðtaka skal hann uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til losunar tiltekinna efna með umhverfismörkum í viðeigandi reglugerðum.
- 3.3. Ef vart verður að mengun sé yfir umhverfismörkum eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðiseftirlit, gera ráðstafanir til úrbóta t.d. að draga úr losun eða bæta hreinsibúnað.